



Umhverfisskýrsla 2003



Melabraut 18 220 Hafnarfirði
Sími 599-6000 Fax 599-6001 Netfang hopbilar@hopbilar.is Vefsíða www.hopbilar.is

Efnisyfirlit



Ávarp forstjóra	1
Lýsing á fyrirtækjunum	2
Umhverfisstefna	3
Grænt bókhald 2003	4-5
Skýringar við bókhaldið	6-11
Umhverfisáhrif mæld á starfsmann	12
Fræðsla og þjálfun	13
Öryggismálefni	14
Umhverfisverkefni	15

Útgefið af :
Umhverfisnefnd
Hópþíla hf. og Hagvagna hf.

Umsjón:
Pálmar Sigurðsson
Hönnun:
Pálmar Sigurðsson
Prentun:
Hópþílar hf./Hagvagnar hf.

Ávarp forstjóra



Þetta er í annað sinn sem Hópbílar og Hagvagnar gefa út umhverfisskýrslu. Í henni eru teknar saman á einn stað lykiltölur fyrir árið 2003. Til þess að auðvelda samanburð milli ára er skýrslan með svipuðu sniði og fyrri skýrsla.

Það sem einkenndi umhverfisstarf félaganna á árinu 2003 var áframhaldandi innleiðing og rekstur umhverfisstjórnunarkerfisins samkvæmt alþjóðlega umhverfisstjórnunarstaðlinum ISO 14001.

Um mitt árið 2003 var umhverfisstjórnunarkerfið orðið vottunarhæft og afhent úttektaraðilanum Vottun hf. til frekari yfirferðar. Á meðan beðið var eftir umsögn vottunaraðila var farið í reglubundnar innri úttektir á verklagsreglum kerfisins og verklagi starfsmanna til enn frekari tryggingar því að starfsemin uppfylli kröfur ISO-14001 umhverfisstaðalsins.

Unnið hefur verið markvisst að því að tengja öryggismál fyrirtækjanna umhverfisstjórnunarkerfinu og hefur það gefist mjög vel. Öryggismál koma mikið við sögu þegar umhverfismál eru annars vegar og því eru þeim málaflokki gerð sérstök skil í þessari skýrslu.

Bílafloti fyrirtækjanna stækkaði um 12,25% . Hagvagnar hf. fengu þrjá nýja strætisvagna og Hópbílar hf. þrjá nýja Hóþferðabíla.

Þá voru framkvæmdir við bílastæði á starfssvæði kláraðar. Sérstök viðbótar olíuskilja var sett niður ásamt tilheyrandi lögnum. Með tilkomu hennar er tryggt að nægt rými er fyrir hendi til að taka við miklu magni olíu og annara efna sem hafa neikvæð áhrif á lífríkið og koma þannig í veg fyrir að þau berist í fráveitu kerfi Hafnarfjarðar.

Umhverfisstjórnun er hluti af heildarstjórnunarkerfi fyrirtækjanna í dag og því er stefnt að því að umhverfisskýrslan verði árlegur þáttur í rekstri fyrirtækjanna og mikilvægt hjálpartæki til þess að viðhalda stefnu okkar í umhverfis- og öryggismálum.

Lýsing á fyrirtækjunum



Hópbílar hf.



Hópbílar hf. er ungt og upprennandi hópbifreiðafyrirtæki sem var stofnað árið 1995. Það hefur það að markmiði að bjóða upp á nýjar hópbifreiðar með öllum helstu þægindum og öryggi.

Með því að hafa það markmið að bjóða upp á eins nýlega bíla og kostur er, stuðla Hópbílar að minni mengun. Nýir bílar gefa frá sér aðeins brot af þeim óæskilega útblæstri sem kemur frá gömlum hópbifreiðum.

Einnig er við val á bílum metið hver sé heppileg stærð fyrir þau verkefni sem sinna þarf. Óþarflega stórar hópbifreiðar eyða meiru og menga því meira.

Helstu verkefni Hópbíla hf. eru tengd ferðaþjónustu og öllum þeim sem vilja ferðast, fyrirtækjum sem og einstaklingum.

Einnig sjá Hópbílar hf. um skólakastur fyrir Hafnarfjarðarbæ og akstur starfsmanna Alcan.

Öryggismál eru ofarlega í huga fyrirtækisins og eru öryggisbelti í öllum sætum í hópbifreiðanna. Til gamans má geta þess að öryggisbelti voru komin í alla bíla áður en lög voru sett um slíkt.

Þá leggjur fyrirtækið einnig mikið upp úr góðri og þægilegri framkomu bílstjóranna.

Þrjár nýjar hópbifreiðar bættust í glæsilegan bílaflota fyrirtækisins á árinu sem svara til 15% fjölgunar frá fyrra ári. Því bjóða Hópbílar hf. nú upp á 23 nýja og nýlegar hóp bifreiðar og eru flestar þeirra árgærd 2001 og yngri.

Með einkunnarorðin Öryggi, Þægindi og Hagur að leiðarljósi stefna Hópbílar stöðugt að því að gera betur fyrir fólk sem vill ferðast.



Hagvagnar hf.



Hagvagnar hf. er þjónustufyrirtæki sem var stofnað árið 1991 til að annast almenningsamgöngur á höfuðborgarsvæðinu. Hagvagnar hf. keyra aðallega um sveitarfélögin Hafnarfjörð, Kópavog, Garðabæ og Álftanes.

Markmiðið Hagvagna hf. er að efla almenningsamgöngur og veita viðskiptavinum sínum ávallt bestu þjónustu sem völ er á hverju sinni.

Hjá fyrirtækinu starfa 80 manns. 3 nýir strætisvagnar bættust í bílaflota fyrirtækisins og hefur fyrirtækið í dag yfir að ráða 32 strætisvögnum, sem svara til rúmlega 10% fjölgunar frá árinu áður. Það er mikið kappsmál hjá fyrirtækinu að bílstjórar séu vel upplýstir um markmið félagsins og veiti faglega og góða þjónustu.

Öryggismál eru ofarlega á blaði hjá

fyrirtækinu og því er það tryggt að strætisvagnarnir fari reglubundið í eftirlit á verkstæði Hagvagna, sem er þjónustuaðili Bifreiða og Landbúnaðarvéla, umboðsaðila Renault á Íslandi.

Það er einnig markmið Hagvagna eins og Hópbíla að bjóða upp á eins nýlega strætisvagna og kostur er, sem valda minni óæskilegum umhverfisáhrifum heldur en gamlir strætisvagnar.

Bílafloti félagsins er nýlegur og er helmingur bílanna 5 ára og yngri og enginn bíll eldri en árgærd 1992.



Umhverfisstefna Hópbíla og Hagvagna



Hópbílar og Hagvagnar eru fyrirtæki sem með starfsemi sinni geta haft neikvæð áhrif á umhverfið og eru háð lögum og reglugerðum umhverfismála. Sem fyrirtæki meðvituð um umhverfisáhrif starfseminnar munu Hópbílar og Hagvagnar stuðla að því að starfsemin hafi sem minnst neikvæð áhrif á umhverfið.

Hópbílar og Hagvagnar hafa einsett sér að :

- Endurskoða umhverfisstefnu fyrirtækjanna reglulega og vinna að stöðugum umbótum á umhverfisstjórnunarkerfi fyrirtækjanna.
- Stuðla að mengunarvörnum með:
 - Vöktun umhverfispáttá í starfsemi fyrirtækjanna.
 - Flokka og lágmarka úrgang sem fellur til hjá fyrirtækjunum.
 - Draga úr mengandi útblæstri frá bílum fyrirtækjanna.
- Stuðla að sjálfbærri þróun með minni notkun hráefna, endurnýtingu og endurnotkun.
- Velja birgja með tilliti til frammistöðu þeirra í umhverfismálum, svo framarlega sem verð og gæði leyfa.
- Haga starfsemi fyrirtækjanna í samræmi við gildandi lög og reglur um umhverfismál og fylgjast með breytingum á lögum og reglugerðum.
- Auka umhverfisvitund starfsmanna með fræðslu og þjálfun og hvetja starfsmenn til að framkvæma verk sín á umhverfisvænan hátt.
- Fyrirtækin uppfylli kröfur alþjóðlega umhverfisstjórnunarstaðalsins ISO 14001:1996

Hafnarfjörður, 28. júlí 2003

Gísli J. Friðjónsson forstjóri

Grænt bókhald fyrir árið 2003



Uppspretta	Eldsneytisnotkun	Mælieining	2002	2003	Breyting
Rútubílar	Diesel	ltr	1.309.730	1.360.725	4%
Fólksbílar	Bensín	ltr	9.983	11.792	18%
Rútubílar	Meðaltals eyðsla pr. 100 km	Ltr/100km	42,95	40,54	-6%
Rútubílar	Meðaltals notkun pr. rútubíl	Ltr/rútubíll	26.729	24.740	-7%
Uppspretta	Orkunotkun	Mælieining	2002	2003	Breyting
Melabraut 18	Rafmagn	[kWh]	236.859	177.446	-25%
Uppspretta	Vatnsnotkun	Mælieining	2002	2003	Breyting
Melabraut 18	Jarðhitavatn	m ³	17.959	15.468	-14%
Melabraut 18	Kalt vatn	m ³	1.952	2.079	7%
Melabraut 18	Meðaltal kalt vatn pr. rútubíl	M ³ /rútubíll	39,84	37,80	-5%
Uppspretta	Drifolía, sjálfskipti—smurolía	Mælieining	2002	2003	Breyting
Verkstæði	ESSOLUBE XT3 15/40	ltr	7.175	7.200	-
Verkstæði	GEAR OIL GX 80W/90	ltr	615	790	28%
Verkstæði	GEAR OIL TDL 75W/90	ltr	360	120	-67%
Verkstæði	ATF D-3 208L	ltr	2.496	2.950	18%
Rútubílar	Meðaltals notkun pr. rútubíl	ltr/rútubíll	217,27	201,09	-7%
Uppspretta	Tjöruhreinsir, olíuhreinsir á bíla	Mælieining	2002	2003	Breyting
Þvottastöð	Sám 2000 Túrbó 1000	ltr	1.500	500	-67%
Þvottastöð	Steinolía	ltr	-	400	-
Þvottastöð	Sáms Dekkjahreinsir	ltr	800	600	-25%
Þvottastöð	Petrósól	ltr	640	600	-6%
Uppspretta	Þvottaefni á bíla	Mælieining	2002	2003	Breyting
Þvottastöð	AUTO-CLEAN 1000	ltr	4.800	4.600	-4%
Þvottastöð	Brútus	ltr	400	360	-10%
Rútubílar	Meðaltals notkun pr. rútubíl	ltr/rútubíll	106,12	90,18	-15%
Uppspretta	Frostlögur	Mælieining	2002	2003	Breyting
Verkstæði	FROSTLÖGUR ESSO	ltr	2.665	3.155	18%
Verkstæði	Ultracooling frostlögur	ltr	2.255	1.230	-45%
Rútubílar	Meðaltals notkun pr. rútubíl	ltr/rútubíll	100,41	79,73	-21%



Grænt bókhald fyrir árið 2003



Flokkar	Spilliefni	Mælieining	2002	2003	Breyting
A10200	Olía dælanleg > 200 lítra tunna	kg	14.900	9.300	-38%
A10500	Olíusíur	kg	1.099	920	-16%
A10900	Ódælanlegur olíuúrgangur	kg	304	425	40%
R5000	Rafgeymar	kg	1.587	1.478	-7%
H30829	Olíumálning	kg	249	26	-90%
H31000	Eftirlitsskyldur úrg. ódælanlegur	kg	-	384	-
Sorp flokkar	Fastur úrgangur	Mælieining	2002	2003	Breyting
101	Blandaður úrgangur A	kg	9.250	18.300	98%
250	Grófur úrgangur	kg	11.340	-	-
303	Brotajárn	kg	890	9.895	1012%
311	Bylgjupappi	kg	1.480	950	-36%
321	Dagblöð/tímarit	kg	130	410	215%
332	Skrifstofupappír	kg	165	240	45%
860	Hjólbarðar	kg	-	8.860	-
Uppspretta	Útstreymi gróðurhúsalofttegunda	Mælieining	2002	2003	Breyting
Rútubílar	Koltvísýringur (CO ₂)	kg	3.523.174	3.660.350	4%
Fólksbílar	Koltvísýringur (CO ₂)	kg	23.160	27.357	18%
	Hlutfall losunar fyrir allt landið		0,13%	-	-
	Hlutfall losunar af samgöngum		0,23%	-	-
	Hlutfall losunar af vegasamgöngum		0,44%	-	-
Rútubílar	Hlutfall losunar pr.rútubíl	kg/rútubíll	71.901	66.551	-7%



Skýringar við bókhaldið



Ýmsir þættir hafa áhrif á heildarnotkun orku og efna hjá fyrirtækjunum eins og til dæmis aukin umsvif í rekstri og veðráttu.

Eins og fram hefur komið þá hefur bílafloki fyrirtækjanna vaxið um rúm 12% vegna aukinna umsvifa. Veðurfar árin 2002 og 2003 reyndist vera mjög svipað, sérstaklega yfir vetrarmánuðina og því má segja að niðurstöður milli ára séu mjög áhugaverðar með tilliti til árangurs við að draga úr umhverfisáhrifum.

Eldsneytisnotkun

Uppspretta	Eldsneytisnotkun	Mælieining	2002	2003	Breyting milli ára
Rútubílar	Dieselolía	ltr	1.309.730	1.360.725	4%
Fólksbílar	Bensín	ltr	9.983	11.792	18%
Rútubílar	Meðaltals dieseleyðsla	ltr/100km	42.95	40.54	-6%
Rútubílar	Meðaltals notkun pr. rútubíl	ltr./rútubíll	26.729	24.740	-7%

Rútubíllar = strætisvagnar Hagvagna og hópþreifðar Hópbíla

Dieselolía er notuð á strætisvagna Hagvagna og hópþreifðar Hópbíla. Olíudreifing sér um að fylla á geyma hjá fyrirtækinu þaðan sem dieselolíunni er dælt á ökutæki af starfsmönnum fyrirtækisins.


Eitt af markmiðum stjórnenda Hópbíla hf. og Hagvagna hf. fyrir árið 2003 var að draga úr dieselolíu notkun sem er stærsti umhverfisþáttur fyrirtækjanna. Markmið fyrir árið 2003 var að ná fram 5% minni meðaleyðslu ökutækjanna frá árinu 2002.

Meðaleyðsla dieselolíu fyrir árið 2002 var 42,95 ltr./100 km. Meðaleyðsla dieselolíu fyrir árið 2003 var 40,54 ltr./100 km. sem er 6% minni meðaleyðsla á hverja 100 km.

Eldsneytisnotkun er eins og áður segir stærsti umhverfisþáttur félaganna. Mánaðarlegt eftirlit er með eyðslu rútubíla og þannig fylgst með gangi mála fyrir hvert ökutæki fyrir sig.

Til að draga úr notkun dieselolíu fá bílstjórar þjálfun í vistakstri. Vélar ökutækjanna eru vandlega yfirfarnar og stilltar. Ef í ljós kemur að eitthvert ökutækið eyðir óeðlilega miklu miðað við aðstæður og fyrri reynslu þá er það tekið til skoðunar á verkstæði.

Eftirfarandi súlurit sýnir meðaldieselolíu notkun á árinu 2003 á hverja ekna 100 km eftir ársfjórðungum. Eins og sjá má þá hefur veðurfar talsverð áhrif á meðaleyðsluna.



Skýringar við bókhaldið



Orkunotkun—vatnsnotkun

Uppspretta	Orkunotkun	Mælieining	2002	2003	Breyting milli ára %
Melabraut 18	Rafmagn	[kWh]	236.859	177.446	-25%
Uppspretta	Vatnsnotkun	Mælieining	2002	2003	Breyting milli ára %
Melabraut 18	Jarðhitavatn	m ³	17.959	15.468	-14%
Melabraut 18	Kalt vatn	m ³	1.952	2.079	7%
Melabraut 18	Meðaltal kalt vatn pr.bíl	m ³ /rútubíll	39,84	37,80	-5%

Umhverfisþátturinn á við notkun á heitu vatni, köldu vatni og rafmagn á verkstæði, skrifstofu, aðstöðu starfsmanna og þvottastöð fyrirtækjanna. Þótt um sé að ræða endurnýjanlegar auðlindir veldur öflun orkunnar og jarðhitavatsins umhverfisáhrifum og með takmarkaðri notkun má þannig draga úr umhverfisáhrifunum auk þess sem rekstrarkostnaður verður lægri.

Þessi umhverfisþáttur er sá þáttur sem sveiflast einna mest eftir ytri aðstæðum þ.e.a.s. veðurfari. Með reglubundnu eftirliti á orku- og vatnsnotkun hefur tekist að draga umtalsvert úr notkun. Aukin umfjöllun um umhverfismál hefur gert það að verkum að starfmenn eru í dag betur meðvitaðir um gildi þessa umhverfisþátta.

Drifolía, sjálfskiptiolía, smurolía

Uppspretta	Drifolía, sjálfskipti og smurolía	Mælieining	2002	2003	Breyting milli ára %
Verkstæði	ESSOLUBE XT3 15/40	ltr	7.175	7.200	-
Verkstæði	b) GEAR OIL GX 80W/90	ltr	615	790	28%
Verkstæði	a) GEAR OIL TDL 75W/90	ltr	360	120	-67%
Verkstæði	ATF D-3	ltr	2.496	2.950	18%
	Samtals:	ltr.	10.646	11.060	4%
Rútubílar	Meðaltals notkun pr.rútubíl	ltr./rútubíll	217,27	201,09	-7%

Smurolía er notuð á vélar á vögnum og rútubílum. Skipt er um smurolíu á 20.000 km fresti. Skiptin fara fram á verkstæði fyrirtækjanna. Smurolíu er einnig bætt á ökutæki á þvottastöð ef olíu vantar vegna brennslu í vél. Drifolía er notuð á drif vagna og rútubíla. Ólían er eingöngu fyllt á ökutæki á verkstæði fyrirtækjanna að Melabraut 18 í Hafnarfirði. Um er að ræða tvær tegundir af gírolíu, svokallaða: **a)** Syntatix olía og **b)** almenn sjálfskiptiolía er notuð á sjálfskiptingar vagna og rútubíla. Skipt er um sjálfskiptiolíu á 60.000 km. fresti. Skipti fara fram á verkstæði fyrirtækjanna.

Skýringar við bókhaldið



Tjöruhreinsir og olíuhreinsir á bíla

Uppspretta	Tjöruhreinsir, olíuhreinsir á bíla	Mælieining	2002	2003	Breytingar milli ára
Þvottastöð	Sámur 2000 Túrbó 1000	ltr	1.500	500	-67%
Þvottastöð	Steinólía	ltr	-	400	-
Þvottastöð	Sámur dekkjahreinsir	ltr	800	600	-25%
Þvottastöð	Petrósól	ltr	640	600	-7%
Samtals:		ltr	2.940	2.100	-29%

Notuð eru efnin Sámur frá Mjöll, Petrósól frá Kemi og Steinólía frá Esso til hreinsunar á tjöru af ökutækjum Hópbíla og Hagvagna. Öll efnin eru merkingarskyld skv. 236/1990. Í öryggisleiðbeiningum fyrir efnin má sjá innihaldslýsingu. Sámur, Petrósól og Steinólía eru notuð á þvottastöð Hagvagna og verkstæði Hópbíla. Samanburður á magntölum er ekki marktækur þar sem verið er að skipta út efnum og taka inn ný.

Þvottaefni á bíla

Uppspretta	Þvottaefni á bíla	Mælieining	2002	2003	Breytingar milli ára
Þvottastöð	AUTO-CLEAN 1000	ltr.	4.800	4.600	-4%
Þvottastöð	Brútus	ltr.	400	360	-10%
Samtal:		ltr.	5.200	4.960	-5%
Rútabílar	Notkun pr. rútabíl	Ltr.	106,12	90,18	-15%

Notuð eru þvottaefnin Autoclean 1000 frá Jákó og Brútus frá Mjöll til þrifa á ökutækjum fyrirtækjanna. Efnið Autoclean inniheldur 5-15% tvíjónuð sápu efni, 5-15% ójónuð sápu efni og 3-5% Exxol d 80 (CAS 64742-47-8). Efnið Brútus inniheldur ójónuð sápu efni 5-15%. Efnin eru notuð á þvottastöð Hagvagna og verkstæði Hópbíla. Efnin eru ekki merkingarskyld skv. rg. 236/1990. Frekari upplýsingar um efnin má finna á öryggisleiðbeiningum framleiðanda, fyrir efnin.

Frostlögur

Uppspretta	Frostlögur	Mælieining	2002	2003	Breytingar milli ára
Verkstæði	FROSTLÖGUR ESSO	ltr	2.665	3.155	18,39%
Verkstæði	Ultracooling frostlögur	ltr	2.255	1.230	-45,45%
Samtals :			4.920	4.385	-10,87%
Rútabílar	Meðlatalis notkun pr. rútabíl	ltr.	100,41	79,73	-25,94%

Frostlögur er notaður á kælikerfi strætisvagna Hagvagna og rútur Hópbíla. Hann tryggir að ekki frjósi á vélum ökutækjanna. Frostlögurinn er notaður á verkstæði og þvottasvæðum fyrirtækjanna. Notaður er Esso frostlögur (antifrees) frá Olífélaginu og Ultracooling frá KEMI. Frostlögurinn inniheldur ethylene glycol og er merkingarskyld skv. rg. 236/1990. Nánari lýsing á efnainnihaldi má sjá á öryggisblaði fyrir viðkomandi efni.

Skýringar við bókhaldið

Spilliefni

Flokkar	Spilliefni	Mælieining	2002	2003	Breyting milli ára
A10200	Olía dælanleg > 200 lítra tunna	kg	14.900	9.300	-38%
A10500	Olíusíur	kg	1.099	920	-16%
A10900	Ódælanlegur olíuúrgangur	kg	304	425	40%
R50000	Rafgeymar	kg	1.587	1.478	-7%
H30829	Olíumálning	kg	249	26	-90%
H31000	Eftirlitsskyldur úrg. ódælanlegur	kg	-	384	-
	Samtals :	kg	18.139	12.533	-31%

Spilliefni eru efni sem geta borist í gegnum vatn og andrúmsloft í fæðukeðjuna og eru því skaðleg umhverfi, mönnum og dýrum í of miklu magni.

Um er að ræða öll spilliefni önnur en úrgangsolíu sem falla til hjá fyrirtækinu. Efni sem skilgreind eru spilliefni við förgun samkv. reglugerð 184/2002 sem og efni sem falla undir reglugerð 236/1990. Spilliefnin eru flokkuð sbr. skilgreiningu um spilliefni samkv. flokkunarkerfi Efnamóttökunnar. Spilliefni hjá Hópbílum og Hagvögnum eru aðallega úrgangslökk, þynnar, rafgeymar, rafhlöður, úrgangs kitti, olíumenguð ísogsefni og olíusíur. Spilliefnin falla til á verkstæði og sprautuverkstæði fyrirtækjanna.

Efnamóttakan hf sér um eyðingu á spilliefnum fyrirtækjanna. Hollustuvernd hefur viðurkennt Efnamóttökuna hf. sem faglegan aðila í móttöku og meðhöndlun á spilliefnum. Efnamóttakan hf. er í samstarfi við viðurkennda eyðingaraðila á Íslandi í Svíþjóð og Danmörku um móttöku og eyðingu á spilliefnum.

Nánari skýringar á spilliefnaflokkum fyrirtækjanna:

- A10200.** Ástæðan fyrir þessum mismun á milli árána 2002 og 2003 er sú að árið 2002 var farið í hreinsunaráttak á olíuskiljum fyrirtækjanna. Árið 2003 var reglubundin tæming á olíuskiljum.
- A10500.** Olíusíur sem falla til við viðhald og eftirlit á rútubílum fyrirtækjanna og eiga skipti sér stað við reglubundin olíuskripti rútubíla.
- A10900.** Hér er um að ræða olíumenguð ísogsefni, tvistur oph. sem fellur til á starfssvæði fyrirtækjanna.
- R50000.** Rafgeymar með blýi.
- H30829.** Lífræn spilliefni málning, olíublönduð vatnssnauð lökk, viðarvörn, lím og kitti. Í ljós kom að þurr olíumálning flokkast ekki sem spilliefni þar sem lífræn efnasambönd sem teljast hættuleg umhverfinu hafa gufað upp. Því hefur umræddur flokkur dregist verulega saman.
- H31000.** Lífræn spilliefni. Málning vatnablönduð, frostlögur, tektyl, ediksýra svo eitthvað sé nefnt. Þessi flokkur kemur nýr inn á lista árið 2003. Var ekki flokkaður sérstaklega árið áður.

Skýringar við bókhaldið

Fastur úrgangur

Sorp flokkar	Heiti	Magn	2002	2003	Breytingar á milli ára %
101	Blandaður úrgangur A	kg	9.250	18.300	98%
250	Grófur úrgangur	kg	11.340	-	-
303	Brotajárn	kg	890	9.895	1012%
311	Bylgjupappi	kg	1.480	950	-36%
321	Dagblöð/tímarit	kg	130	410	215%
332	Skrifstofupappír	kg	165	240	45%
860	Hjólbarðar	kg	-	8.860	-
	Samtals :	kg	23.255	38.655	66%

Forsenda endurnýtingar og endurvinnslu er vönduð flokkun úrgangs.

Um er að ræða blandaðan úrgang, skrifstofupappír, dagblöð og tímarit, bylgjupappa, málma og hjólbarða. Úrgangurinn fellur til á verkstæði við viðhald ökutækja, á þvottastöð, við þrif á ökutækjum og á skrifstofu og kaffistofu. Úrgangsflokkarnir 303-332 fara í endurvinnslu en flokkar 101-250 til urðunar. Urðunarstaður SORPU er í Álfsnesi, sem er um 20 kílómetra frá Móttökustöðinni á Gufunesi.

Þær stóru breytingar sem eiga sér stað á milli ára í sorpflokkum **101** og **250** liggja fyrst og fremst í því að meðhöndlun og skráning móttökuaðilans á sorpi frá fyrirtækjunum var ófullnægjandi fyrir árið 2002. Það komst ekki í lag fyrr en undir lok ársins 2002. Það sem telst vera grófur úrgangur árið 2002 er í raun blandaður úrgangur A. Mikið átaksverkefni við hreinsun útisvæðis árið 2003 leiddi til þess að sorpflokkur **303** stækkaði þetta mikið á milli ára.

303 málmur er fluttur til brotamálmsfyrirtækjanna Furu ehf. í Hafnarfirði og Hringrásar ehf. í Reykjavík. Þar er málmurinn flokkaður og rúmmálminnkaður og síðan fluttur út til bræðslu og endurvinnslu.

311 bylgjupappi er fluttur í móttöku- og flokkunarstöð SORPU þar sem hann er baggaður og vírbundinn. Hann er pressaður saman undir miklum þrýstingi í böggunarvélum í um það bil 900 kg. bagga. Þannig tekur hann margfalt minna pláss og hagkvæmara er að flytja hann til Svíþjóðar þar sem hann er enduruninn.

321 dagblöð, tímarit og annar pappírspóstur er fluttur til móttöku- og flokkunarstöðvar SORPU í Gufunesi. Þar er hann pressaður saman undir miklum þrýstingi og vírbundinn í 400 - 500 kg. bagga. Hann er síðan sendur til Svíþjóðar í 40 feta stórum gámum þar sem fyrirtækið II recycling tekur við honum.

332 pappírinn er pressaður saman undir miklum þrýstingi og vírbundinn í 400 - 500 kg bagga í móttökustöð SORPU í Gufunesi. Hann er síðan sendur til Svíþjóðar í 40 feta stórum gámum þar sem fyrirtækið II recycling tekur við honum. Það sendir pappírinn síðan áfram til nokkurra fyrirtækja í Svíþjóð,

860 úrgangsflokkur hjólbarðar eru tættir hjá Furu og síðan fluttir á urðunarsvæði SORPU í Álfsnesi. Þar eru þeir að hluta nýttir í bráðabirgða vegi en einnig er verið að gera tilraunir með að nýta þá sem drenlag undir hauginn. Það sem ekki nýtist með þessum hætti er urðað.

Skýringar við bókhaldið

Útstreymi gróðurhúsalofttegunda

Uppspretta	Útstreymi gróðurhúsalofttegunda	Mælieining	2002	2003	Breyting milli ára %
Rútubílar	Koltvísýringur (CO ₂)	Magn kg	3.523.174	3.660.350	4%
Fólksbílar	Koltvísýringur (CO ₂)	Magn kg	23.160	27.357	18%
	Hlutfall losunar fyrir allt landið		0,13%	-	-
	Hlutfall losunar af samgöngum		0,23%	-	-
	Hlutfall losunar af vegasamgöngum		0,44%	-	-
	Samtals:	Magn kg.	3.546.334	3.692.070	4%
Rútubílar	Hlutfall losunar pr. rútubíl	Magn kg./rútubíll	71.901	66.551	-7%

Ein helstu neikvæðu umhverfisáhrif ökutækja er loftmengun. Útblásturinn inniheldur m.a. koldíoxíð sem ætíð myndast við bruna. Aukin losun koltvísýrings veldur svokölluðum gróðurhúsaáhrifum eða hægri hitnun andrúmsloftsins.

Við árlega skoðun ökutækjanna er sót í útblæstri mælt til að kanna hvort útblásturinn uppfyllir ákvæði reglugerða. Ef reykþykki er yfir mörkum eru vélar ökutækja stilltar. Verði starfsmenn fyrirtækjanna varir við óvenjulegt útlit útblásturslofts t.d. svartan reyk frá ökutækjum, þá eru vélarnar stilltar. Hópbílar og Hagvagnar stefna að því að hafa ætíð nýleg ökutæki og þannig draga úr útblæstri. Reynt er að draga úr lausagangi ökutækja eins og kostur er og því voru settar merkingar á starfstöð félaganna til frekari áréttingar um að lausagangur sé bannaður.

Magntölur fyrir losun CO₂ fyrir landið árið 2003 hafa ekki verið gefnar út, og því er samanburður á hlutfalli losunar milli ára ekki skráður í umhverfisskýrslunni.

Nánari útskýring á útreikningi á mælingu CO₂ er sem hér segir:

Gasolía = díselolía .	Eitt kg af olíu brennt myndar	3,18 kg CO ₂
	Hver lítri af olíu brenndur myndar	2,69 kg CO ₂ .
Bensín	Eitt kg. af bensíni brennt myndar	3,02 kg CO ₂ .
	Hver lítri af bensíni brenndur myndar	2,32 kg CO ₂ .

Svona til gamans og samanburðar bindur hver hektari af íslenskum meðalskógi 4,4 tonn af CO₂ á ári . Slíkur meðalskógur hefur 3000 plöntur.



Umhverfisáhrif reiknuð á starfsmann



Heildarstarfsmannafjöldi fyrirtækjanna á árinu 2003 var 95 manns.

Orka	Mælieining	Notkun / útstreymi 2003	Notkun / útstreymi á hvern starfsmann
Dieselolía	ltr	1.360.725	14.323 [lítrar]
Rafmagn	[kWh]	177.446	1.867 [kWh]
Jarðhitavatn	m ³	15.468	163 [m ³]
Kalt vatn	m ³	2.079	22 [m ³]

Útstreymi lofttegunda vegna rútubíla	Mælieining	Notkun / útstreymi 2003	Notkun / útstreymi á hvern starfsmann
Koltvísýringur (CO ₂)	Magn kg	3.660.350	38.530 [kg]

Úrgangur	Mælieining	Notkun / útstreymi 2003	Notkun / útstreymi á hvern starfsmann
Blandaður úrgangur A	kg	18.300	192.63 [Kg]
Brotajárn	kg	9.895	104.16 [Kg]
Bylgjupappi	kg	950	10.00 [Kg]
Dagblöð/tímarit	kg	410	4.32 [Kg]
Skrifstofupappír	kg	240	2.53 [Kg]
Hjólbarðar	kg	8.860	93.26 [Kg]

Spilliefni	Mælieining	Notkun / útstreymi 2003	Notkun / útstreymi á hvern starfsmann
Olía dælanleg > 200 lítra tunna	kg	9.300	97,89 [Kg]
Olíusíur	kg	920	9.68 [Kg]
Ódælanlegur olíuúrgangur	kg	425	4.47 [Kg]
Rafgeymar	kg	1.478	15.56 [Kg]
Olíumálning	kg	26	0.27 [Kg]
Eftirlitsskyldur úrg. ódælanlegur	kg	384	4.04 [Kg]



Fræðsla og þjálfun



Það þarf ekki að koma á óvart að eitt veigamesta atriðið í innleiðingu umhverfisstjórnunarkerfisins er að auka umhverfisvitund starfsmanna með fræðslu og þjálfun og hvetja starfsmenn til að framkvæma verk sín á umhverfisvænan hátt.

Unnið er markvisst eftir verklagsreglum varðandi þjálfun og fræðslu. Skýr markmið og gott upplýsingastreymi til starfsmanna er lykillinn að árangri.

Fréttabréf Hópbíla og Hagvagna

Til að fylgja þessum þætti eftir var sett á laggirnar ritstjórn sem sér um útgáfu fréttabréfs fyrirtækjanna. Hlutverk fréttabréfsins er að koma upplýsingum á framfæri til starfs manna með skilvirkari hætti en áður. Fréttabréfið er sent út með launaseðlum í hverjum mánuði.

Handbók bílstjóra

Til að gera starf bílstjóra þægilegra, öruggara, vistvænna og umframt allt ánægjulegra fyrir þá og viðskiptavinum okkar, þá var gefin út "Handbók bílstjóra".

Handbók bílstjóra á að vera leiðbeinandi hjálpartæki fyrir bílstjóra.

Í bókinni eru þættir sem bílstjórar verða að kunna skil á. Eins og umhverfisstefna, neyðar- og viðbragðsáætlun og frávikaskýrsla. Í handbókinni er þessum þáttum mjög vel lýst.

Vistakstur

Eitt af mikilægustu stefnumiðum fyrirtækjanna er að draga úr diesellóluotkun eins og kostur er og um leið mengandi útblæstri frá ökutækjum. Allir fastráðnir bílstjórar fyrirtækjanna hafa sótt námskeið í vistakstri.

Í námskeiðinu um vistakstur er lögð megin áhersla á aukin hagkvæmni í akstri, aukid öryggi og umhverfisvernd.

Þar fer fram einstaklingsbundin þjálfun með ökuprófi þar sem eldsneytisnotkun er mæld með sérstökum mæli, fyrst meðan ökumaður ekur eins og hann er vanur og svo með vistaksturslagi.

Að meðaltali náðu starfsmenn samkvæmt mælingum allt að 10-15% sparnaði.

Námskeið um viðhald rútubíla

Á árinu var haldið námskeið fyrir starfsmenn á verkstæði. Leiðbeinandi frá Renault-verksmiðjunum í Frakklandi var fenginn til að stýra námskeiðinu. Hann kom hingað í vikutíma og kynnti fyrir mönnum nýjasta nýtt frá Renault, með áherslu á nýjungar í sambandi við Euro-3 mengunarstaðalinn.

Námskeiðið stóð alla daga vikunnar frá kl. 08 að morgni til loka vinnudags kl. 18:00.



Mr.Philippe "Renault" er sá í hvíta sloppnum.

Einnig sóttu þetta námskeið fulltrúar frá B&L, sem er umboðsaðili Renault á Íslandi. Meðfylgjandi eru mynd af námskeiðinu.

Öryggi og þjónusta.

Samhliða vistaksturkennslunni fer fram þjálfun og fræðsla í samkiptum viðskiptavinum og er farið yfir helstu öryggismálefni sem verða að vera í lagi.



Öryggismálefni



Öryggisstefna

Stjórnendur Hópbíla og Hagvagna hafa sett sér það markmið að tryggja að öryggi starfsmanna og farþega sé ávallt í fyrirrúmi.

Það birtist m.a. í því að rútuflotinn er sá yngsti sem þekkist á landinu, og markmið Hópbíla og Hagvagna í öryggismálum er að vera með góða, trausta og vel þjálfaða bílstjóra, nýjustu bílana og tryggja þannig öryggi og þægindi eins og best verður á kosið. Unnið er eftir verklagsreglum til að tryggja ofangreind atriði.

Stefna fyrirtækjanna er að vera þekkt fyrir ábyrga stefnu og starfsemi jafnt í öryggismálum sem og í umhverfismálum. Til að Hópbílar og Hagvagnar geti sinnt öryggismálum á markvissan og árangursríkan hátt er starfandi öryggisnefnd sem skipuleggur aðgerðir varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi innan sem utan fyrirtækisins.

Einnig er litið til starfsumhverfis einstaklinga. Þar er sjónum beint að aðbúnaði, vinnuskipulagi, fræðslu, félagslegum og andlegum þætti vinnunnar og öryggismálum, auk þess sem greining umhverfispáttá er stór liður í öryggi starfa.

Markmið öryggisnefndar fyrir árið 2004 er að:

- gera greiningu á starfsumhverfi (áhættumat) fyrir öll störf hjá Hópbílum og Hagvögnum.
- veita starfsmönnum enn frekari leiðsögn og þjálfun í öryggismálum.
- gera reglulega könnun meðal starfsmanna á viðhorfi þeirra til vinnuumhverfisins.
- aðstoða við undirbúning og tillögugerð varðandi umbætur á sviði vinnuverndarmála.
- annast fræðslu starfsmanna um öryggismálefni og hafa eftirlit á vinnusvæðum með því að ráðstafanir er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi komi að tilætluðum notum.
- öryggismálefni verði felld inn í umhverfisstjórnunarkerfi fyrirtækjanna.

Hópbílar og Hagvagnar fylgjast auk þess vel með þeirri þróun sem á sér stað á lagaumhverfinu m.t.t. öryggismála og fylgja í hvívetna þeim kröfum sem gerðar eru.

Umhverfisverkefni fyrir árið 2004

Vottun ISO 14001

Hópbílar og Hagvagnar hafa í stefnumiðum sínum einsett sér að starfsemi fyrirtækjanna uppfylli kröfur ISO-14001 umhverfisstjórnunarstaðalsins og fái umhverfisstjórnunarkerfið sitt vottað á árinu 2004.

Rafrænt eftirlit

Eitt af þeim umhverfisverkefnum sem eru í fullum gangi, er samvinnuverkefni Hópbíla hf., Hagvagna hf. og Olíufélagsins hf. um aukið eftirlit á eldsneytisnotkun. Verið er að vinna við uppsetningu á rafrænu eftirliti á eldsneytisdælingu sem tengist hverju ökutæki fyrir sig. Hér er um að ræða fyrsta kerfi sinnar tegundar á Íslandi. Er það von manna að með umræddu eftirliti verði hægt að draga úr eldsneytisnotkun og þá yrði um leið hægt að draga úr mengun.

Aksturstölvur

Aksturstölvur sem settar voru í nokkur ökutæki þar sem hægt er að fylgjast mjög grannt með aksturslagi og taka útskrift til frekari fræðslu og leiðbeininga, hafa verið í gangi allt árið. Stefnt er því að skerpa enn frekar verklag við eftirlit og vinnslu á þeim upplýsingum sem aksturstölvan skráir. Nýr og bættur hugbúnaður er í endurskoðun hjá framleiðanda kerfisins og er von á að hann komist í gagnið um mitt ár 2004.

Eftirlit með eyðslu fólksbíla

Á árinu verður tekið upp markvisst eftirlit með meðaleyðslu fólksbíla fyrirtækjanna.

Eiturefni og hættuleg efni

Umbótaverkefni varðandi notkun umhverfishæfari efna í rekstri fyrirtækjanna hefur staðið yfir á liðnu ári og verður áframhaldið á árinu 2004. Markmiðið er að fækka þeim efnum sem eru á lista eða/og draga úr notkun þeirra efna sem á listanum eru.

Upphreinsibúnaður

Á árinu verður upphreinsibúnaður settur í alla hópbifreiðar Hópbíla hf og skoðað hvort ástæða sé til að setja slíkan búnað í strætisvagna Hagvagna hf.

Virgni olíuskilja

Í núverandi reglugerðum er ekki farið fram á að mæld sé virkni olíuskilja. Fyrirtækin telja þó mikilvægt að virkni skiljanna sé góð og munu því meta virkni þeirra á árinu.

